



Bifreiðastjórafélagið Frami

Alþingi

Erindi nr. P 131/1471

komudagur 22.4.2005

Nefndasvið Alþingis
-samgöngunefnd-
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 19. apríl 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi.

Stjórn Bifreiðastjórafélagsins Frami hefur samþykkt á fundi sínum þriðjudaginn 19. apríl 2005 að leggja mikla áherslu á að 1. ml. 10. gr. hljóði svo, og verði 6. gr frumvarpsins:

Akstur sérútbúinna bifreiða.

Vegagerðin skal veita leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða til fjallaferða, enda þótt slíkar bifreiðar rúmi færri farþega en níu, og um sé að ræða breyttar og upphækkaðar jeppabifreiðar sem nota má til aksturs utan vega.

Rökstuðningur:

Stjórnin telur mjög nauðsynlegt að fella brott” t.d.” úr þessari grein svo ekki sé hægt að nýta slíkt orðalag til leyfisveitinga til reksturs bifreiða af þessari stærð, sem seldar eru á leigu ásamt ökumanni og taka allt að átta farþega, enda fellur það undir lög um leigubifreiðar nr. 134/2001. En stjórnin telur að slík leið hafi verið farin til þess að komast bakdyramegin inn í verkefni leigubifreiðastjóra.

Einnig þykir rétt að skilgreina nákvæmar hvað er átt við með sérútbúnaðar bifreiðar til fjallaferða.

Númer á síðari greinum breytist í samræmi við þetta.

Fyrir hönd Bifreiðastjórafélagsins Frami


Daníel Björnsson formaður